

Mánudagurinn, 6. september 1999 kl. 12:00

130. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 23/1999

**Kvörtun Lífstykkiabúðarinnar ehf. yfir notkun
Olympíu ehf. á nafninu *Lífstykkiabúðin*.**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 23. mars 1999, frá Guðna Á. Haraldssyni hrl. sem fyrir hönd Lífstykkiabúðarinnar ehf. kvartar yfir notkun Olympíu ehf. á nafninu *Lífstykkiabúðin*.

Í erindinu kemur fram að hlutafélagið Lífstykkiabúðin var stofnað 1942 og hefur frá þeim tíma verið rekin verslun undir því nafni. Hinn 6. júlí 1998 var vörumerkið „*Lífstykkiabúðin*“ skráð, þ.e. orð- og myndmerki. Einnig kemur fram í erindinu að hlutafélagið Olympía hafi rekið verslun undir því nafni. Í símaskrá, fram til ársins 1998, hafi fyrirtækið verið skráð sem „Olympía“ og „Olympía verslun“. Síðan segir:

„Í síðustu símaskrá er hins vegar verslunin auk þess skráð undir nafninu „Lífstykkiabúðin Olympía“. Sú staðsetning og breyting er greinilega sett til höfuðs verslun umbjóðanda míns og til þess gerð að villa um fyrir viðskiptavinum Lífstykkiabúðarinnar.“

Fram kemur að af hálfu eigenda Lífstykkiabúðarinnar hafi verið haft símasamband við eiganda Olympíu. Hafi hann ekki talið neitt athugasemjulegt við notkun Olympíu á nafninu *Lífstykkiabúðin*. Yrði þeim bannað að nota það nafn myndi verða notast við nafnið „*Lífstykkiaverslunin Olympía*“. Þá sendi lögmaður Lífstykkiabúðarinnar lögmanni Olympíu bréf, þann 18. mars sl., þar sem þess var farið á leit að notkun nafnsins yrði hætt. Með bréfi, dags. 24. mars sl., var þeirri beiðni hafnað. Í erindinu segir síðan:

„Af hálfu umbjóðanda míns er því haldið fram, að skyndileg notkun verslunarinnar Olympíu á nafninu „Lífstykkjabúðin“ beinist að verslun umbjóðanda míns og sé til þess fallin að villa um fyrir neytendum og þannig draga til sín neytendur sem ella leituðu til verslunar umbjóðanda míns.

Uppsetningin er beinlínis ósanngjörn og styðst auk þess ekki við hefð á notkun nafnsins.

Um er að ræða firmanafn sem skráð er í Hlutafélagaskrá og er auk þess skrásett vörumerki. Það nýtur þannig verndar skv. firmalögum nr. 42/1903. Notkun Olympíu ehf. á nafninu er þannig klárt brot á 10. gr. þeirra laga.

Einnig er hér um að ræða brot á 21. gr., 25. gr. og 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 enda tilgangurinn augljós. Það ber að hafa í huga, að nafnið „Lífstykkjabúðin Olympía“ á sér ekki stoð í skráningu hjá Einkaleyfastofu né er það skráð firmanafn í firma- eða hlutafélagaskrá.“

Lögmaðurinn krefst þess að Olympíu verði bannað að nota nafnið *Lífstykkjabúðin Olympía* og orðið *lífstykki* sem hluta af heiti eða auðkenni fyrirtækisins. Þá krefst lögmaðurinn þess að dagsektir verði lagðar á Olympíu.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Lífstykkjabúðarinnar var sent Olympíu til umsagnar, þann 30. mars 1999. Svar barst frá lögmanni Olympíu, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl., dags. 21. apríl sl. Þar segir m.a.:

„Olympía ehf. hafnar því að notkun félagsins á heitinu „Lífstykkjabúðin Olympía“ skapi hættu á því að villst verði á fyrirtækjunum Lífstykkjabúðin ehf. og Lífstykkjabúðin Olympía. Ber að líta til þess að í heiti þess síðarnefnda er viðbótin Olympía, þ.e. Lífstykkjabúðin Olympía, sem útilokar ruglingshættu á firmaheitum aðilanna.

Þá er rétt að benda á það að orðið „lífstykki“ merkir samkvæmt því sem segir í orðabók Menningarsjóðs sérstök kvenflik, nærplagg, notuð til að herða að mittinu og gera vaxtarlagið spengilegra. Orðið lífstykkjabúð höfðar til

atvinnustarfsemi, sem tengist verslun, þar sem seld eru lífstykki. Þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að Lífstykkjabúðin ehf. verður að hlíta því að aðrir í sömu atvinnugrein noti sama heiti í firmanafni sínu. Orðið Lífstykkjabúðin ehf. felur ekki í sér nægileg sérkenni til þess að hún geti öðlast einkarétt til notkunar þess á þessu viðskiptasviði, þ.e. viðskipti með lífstykki. Olympía ehf. hefur alltaf selt lífstykki, enda var fyrirtækið á sínum tíma stofnað með verksmiðju, sem framleiddi lífstykkjavörur.“

Í svarinu bendir lögmaðurinn á að fjöldi fyrirtækja skírskoti í firmanöfnum sínum til þeirrar atvinnustarfsemi sem stunduð er, s.s. þvottahús og tískuverslun. Þá segir í svarinu:

„Olympía ehf. hefur aldrei þurft að villa um fyrir viðskiptavinum sínum og er vandséð að með skráningunni í símaskrá hafi réttur verið brotinn á Lífstykkjabúðinni ehf.

Rétt er að benda á að skráning heitisins „Lífstykkjabúðin“ í vörumerkjaskrá veitir ekki félaginu... einkarétt á notkun orðsins „Lífstykkjabúðin“. Merkið er skráð sem orð- og myndmerki, „stíliseruð“ útgáfa af orðinu Lífstykkjabúðin. Ef merkið hefði verið skráð sem orðmerki gegndi öðru máli. Eigandinn hefði þá hugsanlega öðlast einkarétt á notkuninni... Það hefði hins vegar aldrei verið hægt að skrá orðið sem vörumerki, vegna þess að samkvæmt 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 er það skilyrði skráningar vörumerkis að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna m.a. tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, telst ekki nægjanlegt sérkenni. Orðið „Lífstykkjabúðin“ segir ekkert annað en um sé að ræða verslun sem selur lífstykki. Þegar af þeirri ástæðu hefði aldrei verið hægt að skrá orðið sem vörumerki...

Þá er rétt að benda á að vörumerkið „Lífstykkjabúðin“ var skráð í flokki 25 fyrir undirfatnað, náttfatnað, heimafatnað. Vörumerkið er ekki skráð í þjónustuflokki 42 sem verslunarþjónusta. Vörumerkjaskráningin veitir því Lífstykkjabúðinni ehf. sáralitla vernd.“

Að lokum ítrekar lögmaðurinn að Olympía hafi ekki brotið gegn ákvæðum 21. og 25. gr. samkeppnislaga.

2.

Svar lögmanns Olympíu var sent lögmanni Lífstykkiabúðarinnar til umsagnar. Svar barst, dags. 28. apríl 1999. Þar segir m.a.:

„Málsatvik eru... að Olympía ehf. notast einungis við nafnið „Lífstykkiabúð“ í símaskrá við hlið Lífstykkiabúðarinnar. Þannig er til að mynda heiti verslunarinnar í Kringlunni „Verslunin Olympía“ og félagið sem slíkt skráð sem „Olympía ehf.“.

Því til viðbótar er síðan sú staðreynd að umbjóðandi minn hefur skráð vörumerkið „Lífstykkiabúðin“. Þær athugasemdir sem gerðar eru um skráninguna í greinargerð Olympíu ehf. eru beinlínis villandi. Merkið er bæði skráð sem orðmerki og myndmerki. Engu máli skiptir heldur í hvaða flokki það er skráð.

Lögin um vörumerki nr. 45/1997 eru skýr hvað þetta varðar. Skv. 1. gr. þeirra geta einstaklingar eða félög öðlast einkarétt á vörumerki. Skv. 2. gr. sömu laga geta vörumerki verið orð eða orðasambönd. Notkun Olympíu ehf. á nafninu „Lífstykkiabúðin“ er þannig klárt brot á 1. og 2. tl. 4. gr. laganna...

Hugleiðingum um að ekki hefði átt að skrá vörumerkið á sínum tíma er mótmælt sem haldlausum. Sú skráning hefur farið fram af þeim aðila sem lögum skv. fer með slíka skráningu og henni hefur ekki verið mótmælt eins og Olympía ehf. hafði heimild til skv. 22. gr. laganna.

Mótmælt er þeim hugleiðingum að orðið „lífstykki“ hafi almenna skírskotun. Notkun þessa orðs hefur nánast verið engin undanfarin ár í ljósi breyttra framleiðsluaðferða á undirfatnaði.

Að lokum verður að hafa það í huga að Lífstykkiabúðin ehf. hefur verið starfandi með það nafn allt frá árinu 1942. Olympía ehf. hefur hvorki skráð firma með þessu nafni né hefur verslunin notast við nafn þetta fyrr en í síðustu símaskrá.“

3.

Bréf lögmanns Lífstykkiabúðarinnar var sent lögmanni Olympíu til frekari athugasemda. Svar barst dags. 12. maí sl. Þar eru ítrekuð fyrri rök og segir síðan:

„Ég vil þó benda á að það er ekki rétt sem kemur fram í bréfi lögmannsins um að ég hafi verið með hugleiðingar um að ekki hefði átt að skrá vörumerki umbjóðanda hans á sínum tíma. Ég sagði einungis að aldrei hefði verið hægt að skrá orðið „lífstykkiabúð“ eitt og sér (orðmerki) sem vörumerki. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga að vörumerki umbjóðanda hans var skráð sem orð- og myndmerki, þ.e.a.s. „stíliseruð“ útgáfa af orðinu „Lífstykkiabúðin“.

4.

Með bréfi, dags. 31. maí 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

III.

Niðurstaða

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. september 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir og Ólafur Björnsson.

2.

Í máli þessu kvartar Lífstykkiabúðin yfir notkun Olympíu á nafninu *Lífstykkiabúðin*. Lífstykkiabúðin hefur verið starfrækt undir því nafni allt frá árinu 1942 og er skráð sem hlutafélag og vörumerki. Í hlutafélagaskrá er keppinauturinn skráður sem Olympía ehf. Í símaskrá á árunum 1998 og 1999 er fyrirtækið skráð sem *Lífstykkiabúðin Olympía* auk eldri skráninga, þ.e. Olympía ehf. og Olympía verslun.

Að mati Lífstykkiabúðarinnar beinist notkun Olympíu á nafninu *Lífstykkiabúðin* í símaskrá gegn Lífstykkiabúðinni. Notkunin sé til þess fallin að villa um fyrir neytendum. Vísað er til þess að *Lífstykkiabúðin* sé firmanafn sem skráð sé í hlutafélagaskrá og jafnframt sé það skráð vörumerki. Telur

fyrirtækið að hér sé um brot á ákvæðum 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Olympía telur að vörumerki Lífstykkiabúðarinnar veiti fyrirtækinu ekki einkarétt til notkunar þess og nafnið *Lífstykkiabúðin* vísi almennt til þeirrar vöru sem verslað er með.

Fyrri málsliður 25. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.“

Framangreint ákvæði hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. vörumerki, sem annar á. Orðið *lífstykki* er óalgengt orð í íslensku í dag og hefur, a.m.k. í seinni tíð, í tengslum við firmanafn, eingöngu verið notað af Lífstykkiabúðinni. Hinn 6. júlí 1998 fékkst vörumerkið *Lífstykkiabúðin* skráð athugasemdalaust og án takmarkana hjá Einkaleyfastofunni, bæði sem orð- og myndmerki.

Samkvæmt upplýsingum sem Samkeppnisstofnun hefur aflað frá Einkaleyfastofunni var megin forsenda skráningarinnar markaðsfesta, þ.e. hin áratugalanga notkun fyrirtækisins á nafninu. Vörumerkið *Lífstykkiabúðin* er skráð í Vörumerkjaskrá sem orð- og myndmerki. Í því felst einkaréttur til notkunar orðsins *Lífstykkiabúðin* (orðmerkinu) og þeirri útfærslu á orðinu sem birtist í Vörumerkjaskránni (myndmerkinu). Ef orðmerkið *Lífstykkiabúðin* hefði ekki sérstaka vörumerkjavernd væri það tekið fram í skráningarskrírteini vörumerkisins. Slíkt á ekki við í þessu máli. Skv. 4. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 skapast með skráningu vörumerkis vörumerkjaréttur, en í honum felst sú almenna regla að aðrir en eigandi vörumerkisins mega ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans. Þetta á við ef notkunin tekur til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og hætt er við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum.

Í máli þessu eigast við keppinautar sem selja vöru sömu tegundar á sama markaðssvæði. Það er mat samkeppnisráðs að hin áratugalanga notkun Lífstykkiabúðarinnar á nafninu og skráning þess í Hlutafélagaskrá og Vörumerkjaskrá valdi því að notkun annarra á nafninu gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda.

Lífstykkiabúðin hefur samkvæmt framansögðu fullan rétt til vörumerkisins *Lífstykkiabúðin*. Samkeppnisráð telur því að notkun Olympíu á vörumerkinu og nafninu *Lífstykkiabúðin* brjóti í bága við ákvæði 25. gr. samkeppnislaga.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Samkeppnisráð telur að með skráningu nafnsins *Lífstykkiabúðin Olympía* í símaskrár, árin 1998 og 1999, hafi Olympía með óhæfilegum hætti ætlað að nýta sér viðskiptavild Lífstykkiabúðarinnar, sem hún hefur áunnið sér með áratugalangri notkun á nafninu og með lögmætri skráningu þess bæði í Hlutafélagaskrá og Vörumerkjaskrá. Á þann hátt hefur Olympía freistað þess að hafa áhrif á eftirspurn vöru sinnar. Hætta er á að neytendur villist á fyrirtækjunum eða ætli að um sé að ræða samstarf eða sömu eigendur þar sem sama nafn kemur fyrir í heitum þeirra beggja. Viðskiptaaðferð Olympíu er villandi gagnvart neytendum og ósanngjörn gagnvart keppinauti og til þess fallin að valda kvartanda tjóni. Samkeppnisráð telur því að notkun Olympíu á nafninu *Lífstykkiabúðin* brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð að Olympía hafi með notkun vörumerkisins og nafnsins *Lífstykkiabúðin* brotið gegn ákvæðum 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur því nauðsynlegt að banna Olympíu að nota nafnið *Lífstykkiabúðin* í firmanafni sínu, eða auðkenna fyrirtæki sitt á annan hátt með því.

Að gefnu tilefni vill samkeppnisráð taka fram að þar sem orðið *lífstykki* er ekki almennt orð í dag getur notkun þess í tenglum við firmanafn annars fyrirtækis en Lífstykkiabúðarinnar valdið ruglingi.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Olympíu ehf., Auðbrekku 24, Kópavogi, að nota vörumerkið og nafnið *Lífstykkiabúðin* í tengslum við firmanafn sitt þar sem slíkt er villandi og ósanngjarnt gagnvart keppinauti og gefur villandi upplýsingar um eignarrétt.“